

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 28. ágúst 2020.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson, Bjarni Ingimarsson og Magnús Smári Smáráson. Fulltrúar SNS voru: Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Harpa Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Afgreiðsla fundargerða

Lagðar eru fram fundargerðir samstarfsnefndar LSS og SNS nr. 94, 95, 96 og 97 til samþykktar.

Niðurstaða:

Fundargerðirnar voru samþykktar.

2. Viðmið samstarfsnefndar um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir samkv. gr. 2.5.7

Eins og segir í gr. 2.5.7 er starfsmönnum og forráðamönnum stofnunar/sveitarfélags heimilt með skriflegu samþykki samstarfsnefndar að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en segir í gr. 1.6.2. Erindi liggja fyrir frá sveitarfélagi og sveitarfélagi.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að nefndin setji sér viðmið vegna afgreiðslu erinda samkvæmt gr. 2.5.7. Viðmiðin verða sett og ákveðin í samvinnu við stjórnendur slökkviliða. Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá HMS svo hægt sé að vinna málið áfram.

3. Bakvaktageiðslur fyrir hlutastarfandi sjúkraflutningamenn í sveitarfélagi

Haustið 2018 gerði sveitarfélag samkomulag við Heilbrigðisstofnun sveitarfélaga um yfirtöku á sjúkraflutningum. Samráð var haft við stéttarfélagið vegna þessa máls. Umræddir sjúkraflutningamenn samþykktu launasetningu starfa þeirra hjá sveitarfélagi. LSS gerir kröfu um að farið verði samkvæmt 14. kafla um hlutastarfandi sjúkraflutningamenn í kjarasamningi og horft til bókunar 3 með kjarasamningi.

Niðurstaða:

Málinu frestað til næsta fundar. SNS fundar með sveitarfélagi.

4. Staðgengilslaun slökkviliðsstjóra í sveitarfélagi

Í lok nóvember 2018 kom erindi til samstarfsnefndar og var tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar 21. desember sama ár og úrskurðað í því máli.

„ 2. Sveitarfélag. Afleysingaslökkviliðsstjóri – staðgengilslaun.

Starfsmaður hefur undanfarin 5 ár leyst slökkviliðsstjóra reglulega af. Hann hefur ekki fengið staðgengilslaun fyrir afleysinguna, né greiðslur fyrir þær bakvaktir og útköll sem hann hefur tekið sem staðgengill slökkviliðsstjóra.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að greiða skuli starfsmanninum staðgengilslaun samkvæmt gr. 9.3.1 í kjarasamningi aðila.“

Bæjarstjóri sveitarfélags hefur mótmælt niðurstöðunni á þeirri forsendu að þeim bæri ekki að greiða fyrir afleysingu án þess að vinnuframlag kæmi til á móti. Málið er því komið aftur inn á borð samstarfsnefndar.

Niðurstaða:

SNS ræðir við sveitarfélagið og leitar lausnar á málinu.

5. Erindi frá sveitarfélagi, ósk um breytingu á uppsagnarákvæði kjarasamnings.

Í nýjum kjarasamningi SNS og LSS, með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 30. september 2023, er gerð eftirfarandi breyting á grein 11.1.3.3.:

„Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir, sjá þó grein 11.1.6. Á fyrstu þremur mánuðum, sem er reynslutími er hann þó einn mánuður. Í undantekningartilvikum getur vinnuveitandi í samráði við viðkomandi stéttarfélag þó ákveðið að reynslutími skuli vera fimm mánuðir enda byggja það á málefnalegum sjónarmiðum.“

Áður hljómaði greinin svona:

„Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir. Uppsagnarfrestur fyrir nýliða á fyrstu sex mánuðum í starfi er þó einn mánuður.

Sveitarfélag óskar eftir að reynslutími nýliða í starfi sé skilgreindur 5 - 6 mánuðir. LSS reifar málið.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að leiðrétta villu í kjarasamningi og hljóðar grein 11.1.3.2. svo frá 1. janúar 2020.

11.1.3.2 Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir. Uppsagnarfrestur fyrir nýliða á fyrstu sex mánuðum í starfi er þó einn mánuður.

Sé tímabundin ráðning starfsmanns framlengd í sama starfi telst reynslutími hans liðinn.

Sé starfsmanni sagt upp eftir a.m.k. 10 ára samfelldu starfi hjá sama sveitarfélagi er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir ef hann er orðinn 63. ára. Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara. Allar uppsagnir skulu vera skriflegar og miðast við mánaðamót, sjá þó 11.1.3.4.

Ákvæði um aukinn uppsagnarfrest á einungis við þegar starfsmanni er sagt upp starfi.

Samstarfsnefndin er sammála um að leiðrétta villu í kjarasamningi og hljóðar grein 11.1.3.3. svo frá 1. janúar 2020.

11.1.3.3 Heimilt er að ráða starfsmann tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningasamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma. Sé samið um slíkt í ráðningarsamningi þá fer um reynslutíma og uppsagnarfrest samkvæmt gr. 11.1.3.2.

Óheimilt er að framlengja eða endurnýja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari samfelt lengur en í tvö ár nema annað sé tekið fram í lögum. Þó er heimilt að endurnýja tímabundinn ráðningarsamning stjórnanda, sem gerður hefur verið til fjögurra ára eða lengri tíma, í jafnlangan tíma hverju sinni. Vinnuveitandi skal þó ávallt leitast við að ráða starfsmann ótímabundið.

6. Einstaklingsbúnaður

Almenn umræða um gr. 7.3.1. í kjarasamningi aðila.

Fleira ekki gert.